

Bréf umhverfis og skipulagssviðs til íbúaráðs Vesturbæjar dags. 8. júní 2020 varðandi auglýsingu vegna tillögu að deiliskipulagi fyrir Rekagrandi 14.

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að deiliskipulagi fyrir Rekagrandi 14, birtist í Frétta- og Lögbirtingarblaðinu á morgunn 9. júní 2020. Tillagan er í kynningu frá 9. júní 2020 til og með

21. júlí 2020. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/rekagrandi-14-leikskoli>

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Rekagrandi 14, leikskóli

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 13. maí 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 28. maí 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Eiðsgranda, miðsvæði, vegna lóðarinnar nr. 14 við Rekagrandi. Í breytingunni felst að lóð leikskólans stækkar ásamt því að girðingu verður breytt, afmarkaður er annars vegar byggingarreitur fyrir færanlegar stofur og hins vegar byggingarreitur fyrir möguleika á stækkun núverandi leikskóla til suðurs og vesturs ásamt því að 4 bílastæði í borgarlandi auk snúningsreits verður aflagt. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14, 1. hæð**, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **9. júní 2020 til og með 21. júlí 2020**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 21. júlí 2020. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Kveðja,
Þuríður Guðmundsdóttir
Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa skipulagsfulltrúa
Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík
Sími: 411-1111 - Netfang: skipulag@reykjavik.is